

Samkomulag

um breytingu og framlengingu kjarasamnings Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga (KVH) og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV)

Kjarasamningur Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu framlengist til 28. febrúar 2015 með svofelldum breytingum:

1.gr

Launatafla

Frá 1. febrúar 2014 hækka laun og launataxtar skv. gr. 1.1.1 í samræmi við nýja launatöflu, sjá fylgiskjal 1.

2.gr.

Orlofsuppbót og desemberuppbót

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2014 kr. 39.500.

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2014 kr. 73.600.

3. gr

Vinnusókn og ferðir

Þær stofnanir sem staðsettar eru a.m.k. 1,5 km utan ytri marka næsta þéttbýlis skulu, í stofnanasamningi skv. kafla 11, semja um greiðslur ferðakostnaðar fyrir þá starfsmenn sem ekki búa á staðnum.

4. gr.

Gildistími

Samningur þessi öðlast gildi frá 1. febrúar 2014 og gildir til 28. febrúar 2015 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Handwritten initials and signatures in blue ink at the bottom left corner.

Handwritten initials and signatures in blue ink at the bottom right corner.

Samningsaðilar skulu bera þennan samning upp á lögformlegan hátt til afgreiðslu. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 16:00 þann 20. nóvember 2014, skoðast samningurinn samþykktur. Atkvæðisbærir félagsmenn KVH um samning þennan eru einungis þeir sem starfa hjá stofnunum sem hafa framselt umboð sitt um kjarasamningagerð til SFV.

Reykjavík, 13. nóvember 2014

F.h. Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Birgi Eymjörva
Helga S. Sigurðardóttir.
Hilmi Einarsson

F.h. Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu
með fyrirvara um samþykki stjórnar

Þórunn
Kristín Sigurðardóttir.
Ljósmyndun

Bókanir

með framlengingu kjarasamnings KVH og SFV

dags 13. nóvember 2014

Bókun 1

Aðilar eru sammála um að frá og með 1. júlí 2014 greiði launagreiðandi sérstakt iðgjald sem nemur 0,1% af heildarlaunum til BHM. Fjármunum þeim skal verja til eflingar hagfræðilegrar greiningar, fræðslu trúnaðarmanna og námskeiðshalds í þágu félagsmanna KVH og aðildarfélaga BHM.

Bókun 2

KVH og SFV eru sammála um að endurskoða og ganga frá nýjum heildartexta kjarasamnings aðila. Stefnt skal að því að þeirri vinnu verði lokið fyrir 28. febrúar 2015.

Handwritten signature and initials in blue ink, possibly reading 'KVH' and 'SFV'.

Handwritten signature and initials in blue ink, possibly reading 'BHM'.

Fylgiskjal 1

með kjarasamningi KVH og SFV, dags. 13. nóvemberber 2014.

Launatafla tekur gildi 1. febrúar 2014.

Ný launatafla, gildir frá 1. febrúar 2014									
Lfl.	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	269.455	275.922	282.389	288.856	295.323	301.790	308.257	314.724	321.191
02	282.389	289.166	295.944	302.721	309.499	316.276	323.053	329.831	336.608
03	295.944	303.046	310.149	317.252	324.354	331.457	338.560	345.663	352.765
04	310.149	317.592	325.036	332.480	339.923	347.367	354.811	362.254	369.698
05	325.036	332.837	340.638	348.439	356.240	364.041	371.842	379.643	387.444
06	340.638	348.813	356.988	365.164	373.339	381.515	389.690	397.865	406.041
07	356.988	365.556	374.124	382.692	391.260	399.827	408.395	416.963	425.531
08	374.124	383.103	392.082	401.061	410.040	419.019	427.998	436.977	445.956
09	392.082	401.492	410.902	420.312	429.722	439.132	448.542	457.952	467.362
10	410.902	420.763	430.625	440.487	450.349	460.210	470.072	479.934	489.796
11	430.625	440.960	451.295	461.630	471.965	482.300	492.636	502.971	513.306
12	451.295	462.126	472.957	483.788	494.620	505.451	516.282	527.113	537.945
13	472.957	484.308	495.659	507.010	518.361	529.713	541.064	552.415	563.766
14	495.659	507.555	519.451	531.347	543.243	555.139	567.035	578.931	590.827
15	519.451	531.918	544.384	556.851	569.318	581.785	594.252	606.719	619.186
16	544.384	557.450	570.515	583.580	596.646	609.711	622.776	635.842	648.907
17	570.515	584.207	597.900	611.592	625.285	638.977	652.670	666.362	680.055
18	597.899	612.249	626.599	640.949	655.298	669.648	683.998	698.348	712.697
19	626.598	641.637	656.676	671.714	686.753	701.791	716.830	731.868	746.907
20	656.675	672.436	688.196	703.956	719.717	735.477	751.238	766.998	782.758
21	688.196	704.713	721.229	737.746	754.263	770.780	787.297	803.814	820.331
22	721.229	738.539	755.848	773.158	790.468	807.778	825.087	842.397	859.707